

**Borgarstjórn**  
**18. desember 2018**

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um íslenskunámskeið fyrir Kúrda og Araba**

Lagt er til að íslenskunámskeið fyrir Kúrda og Araba verði sett á laggirnar. Sem stendur eru íslenskunámskeið hjá Mími, hjá kirkjunni og hjá Rauða krossinum. Þetta er ekki nóg. Hér er verið er að tala um námskeið þar sem Kúrdar fá meiri útskýringar á kúrdísku við málanámið. Sem stendur eru um það bil 100 Kúrdar á Íslandi. Lagt er til að samskonar íslenskunámskeið yrði fyrir Araba. Arabar eru fjölmargir hér á Íslandi og myndu njóta góðs af því komast á íslenskunámskeið af þessu tagi. Aðrir hópar sem þyrfti að huga að eru Persar og Afganar. Oft eru þessi námskeið þannig að margar þjóðir eru saman. Kennarar hafa ekki alltaf verið íslenskumælandi Kúrdar sem dæmi. Gera má því ráð fyrir að þessi námskeið sem hafi verið í boði séu ekki nægjanlega markviss og skilvirk. Vinnumálastofnun er að sinna mörgu en getur ekki sinnt öllu. Þessi tillaga, nái hún fram að ganga, myndi létta á Vinnumálastofnun og á starfsmönnum þjónustumiðstöðva og gera mikið fyrir það fólk sem hér um ræðir.